



Þinggerð 51. Ársþing BLÍ

15. Apríl 2023

Þingritari: Einar Friðgeir Björnsson

Þingforseti: Valdimar Leó Friðriksson



51. ársþing BLÍ, haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal í Reykjavík, laugardaginn 15. apríl 2023, kl.

09:30

1. Þingsetning, kosning þingforseta og ritara

Grétar Eggertsson setti þing og tilnefndi Valdimar Leó Friðriksson sem þingforseta, samþykkt.

Einar Friðgeir Björnsson tilnefndur sem ritarar, samþykkt

Báðir taka til starfa.

2. Kosning í starfsnefndir þingsins;

- a) Kjörbréfanefnd, lagt til að Steinn Einarsson sé formaður og með honum Atli Freyr Björnsson og Sigrún Viðarsdóttir, samþykkt.
- b) Fjárhagsnefnd, lagt til að Auður Ösp Jónsdóttir sé formaður, samþykkt samhljóða.
- c) Laganefnd lagt til að Grétar Eggertsson sé formaður, samþykkt samhljóða.
- d) Allsherjarnefnd, lagt til að Sigurður Hreinsson sé formaður, samþykkt samhljóða.

3. Skýrsla stjórnar

Grétar fer með skýrslu stjórnar.

Steinn gerir grein fyrir kjörbréfum, 27 atkvæði á kjörbréfum frá 11 félögum.

88 atkvæði eru möguleg sem gerir um 31% þátttöku frá félögum.

Kjörbréf samþykkt .

4. Reikningar síðasta starfsárs

Reikningar kynntir af gjaldkera stjórnar, Auði Ösp.



Fyrirspurnir um einstaka liði => útskýringar komu frá framkvæmdastjóra og formanni.

Fyrirspurn um hvað kom á óvart við háan kostnað við þáttöku í EM => Sjónvarpsútsending, óþægilegt keppnisfyrirkomulag, mjög hröð útgreiðsla á stuttum tíma.

Reikningum vísað til fjárhagsnefndar.

5. Ávarp fulltrúa ÍSÍ

Garðar Svansson úr framkvæmdastjórn ÍSÍ.

Flutti kveðju Lárus Blöndal, Andra og Höllu

Hvatti BLÍ til að fara með ársþingið út á land.

Lagði til að í ársskýrslu BLÍ væri upptalning á þeim sem hlotið hafa merki frá ÍSÍ til samræmis við BLÍ upptalningu.

6. Ávarp annarra boðsgesta

Engin önnur ávörp.

7. Fjárhagsáætlun næsta starfsárs

Gjaldkeri stjórnar, Auður Ösp kynnti fjárhagsáætlun fyrir 2023.

Fyrirspurn um hvers vegna gert væri ráð fyrir lægri mótakekjum? Verður svarað í fjárhagsnefnd.

Fjárhagsáætlun vísað til fjárhagsnefndar.

8. Laga- og leikreglnabreytingar

Formaður gerir grein fyrir tillögum um breytingar á lögum og reglugerðum

1. Reglugerð um leikmannasamninga frá Aftureldingu.
2. Reglugerð um frestanir leikja frá Aftureldingu.
3. Reglugerð um Bikarkeppni BLÍ frá Aftureldingu.
4. Reglugerð um takmörkun á leikmannafjölda sem nota má milli úrvalsdeildar og fyrstu deilda liða frá Huginn-UÍA
5. Reglugerð um breytingar á félagskiptum frá KA.
6. Reglugerð um setningu nýrra reglugerða frá stjórn BLÍ.
7. Reglugerð um fyrirkomulag Íslandsmóts og bikarkeppni frá Aftureldingu

Tillögunum var vísað til eftirfarandi nefnda:

Allsherjarnefnd: Tillögur 1, 2, 4, 5 og 7



Laganefnd: Tillaga 6

Fjárhagsnefnd: Tillaga 3

9. Aðrar tillögur og mál lögð fyrir þingið.

Aðrar tillögur og mál ekki lögð fram.

10. Umræður um framkomin mál og tillögur

11. Nefndarstörf

Þinghlé --- kl. 12:00

12. Nefndarálit, tillögur og atkvæðagreiðslur

Fjárhagsnefnd: Tillaga 3.

Umræða um ársreikning og áætlun. Engar athugasemdir í nefnd. Umræða um að gera notkun reikningslykla skýrari og í samræmi við það sem ÍSÍ notar. Nefndin leggur til að ársreikningur og fjárhagsáætlun séu samþykkt. Samþykkt samhljóða.

Tillaga 3. Reglugerð um Bikarkeppni BLÍ frá Aftureldingu. Ný tillaga lögð fram um að BLÍ geti verið milligönguaðili um að innheimta gjöld frá þátttökuliðum og greiða til þeirra sem eiga. – Samþykkt var að hafa BLÍ með í samskiptum sem snúa að ferðakostnaði en liðin sjá áfram um innheimtu sín á mill. BLÍ er úrskurðaraðili ef upp kemur ágreiningur. Umræða um tímamörk fyrir greiðslu séu miðuð við lok skilgreindar leiktímaþils. Umræða um hvort gistikostnaður eigi að vera hluti af kostnaði sem deilist á milli þeirra félaga sem taka þátt í Final 4 úrslitum. Tillaga samþykkt.

Alsherjarnefnd: Tillögur 1, 2, 4, 5 og 7

1. Reglugerð um leikmannasamninga frá Aftureldingu.
2. Reglugerð um frestanir leikja frá Aftureldingu.
4. Reglugerð um takmörkun á leikmannafjölda sem nota má milli úrvaldeilda og fyrstu deilda liða frá Huginn-UIA
5. Reglugerð um breytingar á félagskiptum frá KA.
7. Reglugerð um fyrirkomulag Íslandsmóts og bikarkeppni frá Aftureldingu

Tillögur 1 og 5 tekna saman. Nefndin leggur til að málunum sé vísað til stjórnar sem stofni vinnuhóp um málið. Tillaga að niðurstaða vinnuhópsins liggi fyrir áður en stefnumótunarfundur verður haldinn 3. júní 2023 - Grétar kallaði eftir að fá punkta frá umræðu nefndarinnar. Svar, það vantar aðallega að fá skýrari ramma og leiðbeiningar fyrir þá sem eru að sækja sér og semja við leikmenn, sérstaklega erlenda leikmenn.



Tillaga 2. Mikilvægt að verklag um frestanir leikja séu í föstum skorðum. Umræða í nefndinni um að BLÍ hafi umsjón með frestanir á leikjum en ekki fulltrúar þeirra liða sem frestanin hefur áhrif á. Nefndin leggur til að málínu verði vísað til stjórnar sem skapar vinnuhóp. Samþykkt.

Tillaga 4. Umræðan var gagnvart hvaða aldurstakmarkanir ætti að miða við og að þróunarlið (developing teams) ættu að vera fyrir þá leikmenn sem eru að þroskast og fá ekki mikinn spilatíma í úrvalsdeildarliðum. Skiptar skoðanir í á málínu í nefndinni. Allir sammála um að það þurfi að gera breytingar til að einfalda og skýra verklag. Hafa í huga að gera ekki umtalsverðar breytingar vegna undantekninga. Mögulegt að taka málefnið upp á formannafundi í upphafi tímabila en það þarf að vera skýrt að allir þjálfarar fái rétt skilaboð frá þeim fundi. Nefndin leggur til að málínu verði vísað til stjórnar. Samþykkt.

Tillaga 7. Nefndin leggur til að tillögunni sé hafnað. Umræða í nefndinni hvort skilda ætti félög í úrvalsdeild til að hafa barna og unglungastarf eða hvort þau félög sem hafa barna og unglungastarf greiði lægra gjald til BLÍ. Samþykkt að tillögunni sé hafnað.

Laganefnd: Tillaga 6

Reglugerð um setningu nýrra reglugerða frá stjórn BLÍ.

Að mati laganefndar er nauðsynlegt að gera breytingu á lögum BLÍ til að þessi tillaga að reglugerð geti tekið gild. Lagt er til að bæta við nýjum E-lið í 10.grein laga BLÍ sem telur upp starfssvið stjórnar.

Tillaga um breytingu á 10. grein um starfssvið stjórnar.

10. gr. Starfssvið stjórnar BLÍ er:

- a) Að framkvæma ályktanir blakþingsins.
- b) Að senda ÍSÍ árlega starfsskýrslu og aðrar lögboðnar skýrslur og tilkynningar.
- c) Að fylgjast með því að lög og leikreglur BLÍ séu haldin.
- d) Að setja nauðsynleg bráðabirgðaákvæði.
- e) **Að breyta og setja reglugerðir.**
- f) Að raða niður og ákveða stað og tíma fyrir Íslandsmót í öllum flokkum.
- g) Að úthluta þeim styrkjum til blaks, sem BLÍ fær til umráða.
- h) Að vera fulltrúi blakíþróttarinnar á erlendri grundu og sjá um að reglur varðandi greinina séu í samræmi við alþjóðareglur.
- i) Að vinna að stofnun nýrra sérráða og efla á annan hátt viðkomandi sérgrein í landinu.

Lagabreytingin var borin upp til samþykktar og samþykkt samhljóða.

Í ljósi þess að gerð var breyting á lögum BLÍ bar þingstjóri heildar lagapakkann upp til samþykktar. Lögin voru samþykkt samhljóða.

Tillaga 6 að reglugerðarbreyting frá stjórn BLÍ tók smávægilegum breytingum við úrvinnslu nefndarinnar og hljóðar á eftirfarandi hátt (sjá skáletraðan texta):



Tillaga um Reglugerð um breytingu og setningu reglugerða:

Blakþing er æðsta vald hreyfingarinnar þegar kemur að breytingum á lögum og reglugerðum. Stjórn BLÍ hefur heimild til að gera breytingar á reglugerðum milli þinga. Nær það til allra breytinga á gildandi reglugerðum sem og setningu nýrra reglugerða.

Óski aðildarfélags eftir setningu nýrra reglugerða eða breytinga á gildandi reglugerðum skal slíkum óskum beint til stjórnar BLÍ.

Þegar fyrirhugað er að breyta eða setja nýja reglugerð kemur til greina tvønnskonar málsmæðferð, þ.e. sem minniháttar breyting eða meiriháttar breyting. Við mat á því í hvorn flokkinn breyting flokkast skal taka mið af því hvort ákvörðun hafi veruleg áhrif íþróttaleg áhrif á hreyfinguna.

Vinnulag stjórnar BLÍ við breytingu og setningu reglugerða:

Fyrsta skref:

Í upphafi er fjallað um reglugerðir, nýjar eða breytingartillögur, á stjórnarfundi BLÍ og ákveðið hvort viðkomandi tillaga fari í frekara ferli, þurfi endurskoðun eða frekari skýringar. Að öðrum kosti er málið látið niður falla.

Annað skref:

Ef reglugerðin fer áfram til vinnslu þá metur stjórnin síðan hvort um sé að ræða óverulegar (minniháttar) breytingar sem stjórn telur ekki að þarfni sérstakrar umræðu í hreyfingunni. Ef tillagan er samþykkt af stjórninni mun verða send út tilkynning um uppfærða reglugerð eða nýsetninguna. Að öðrum kosti er málið látið niður falla.

Priðja skref:

Hinsvegar ef um er að ræða að mati stjórnar stærri breytingu (meiriháttar) þá mun hefjast tveggja vikna umsagnarferli hjá aðildarfélögum um tillögur með því að almenn kynning er send út og í einhverjum tilfellum boðað til sérstakra upplýsinga- og samráðsfunda með aðildarfélögum um leið og umsagnarferli stendur yfir.

Fjórða skref:

Að loknu tveggja vikna umsagnarferli er að nýju umfjöllun hjá stjórn BLÍ sem tekur ákvörðun um breytinguna eða nýsetninguna.

Fimmta skref:

Ef tillagan er samþykkt af stjórninni mun verða send út tilkynning um uppfærða reglugerð. Nýjar reglugerðir og breytingar á gildandi reglugerðum skulu kynntar aðildarfélögum með rafrænum hætti og taka þær gildi samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar BLÍ. Ekki þarf að birta þær með sérstökum hætti svo þær öðlist gildi heldur er nægjanlegt að þær séu kynntar með rafrænum hætti og á heimasíðu BLÍ. Ef reglugerðin er ekki samþykkt er að öðrum kosti málið látið niður falla.



Lagt er til að ný stjórn fari yfir og leita samþykkis á nýrri reglugerð í samræmi við það verklag sem kynnt er þar.

13. Ákveðið gjald ævifélaga

Ákveðið að gjald ævifélaga sé vísað til stjórnar. Óljóst hvers vegna þetta er inni og verður það útskýrt á næsta þingi.

14. Önnur mál

Grétar:

- Veiting heiðursmerkja. Gullmerki BLÍ. Steinn Einarsson. Steinn gefur ekki kost á sér til áframhaldandi starfa hjá BLÍ að svo stöddu og var hann kvaddur og honum þakkað fyrir hans góða framlag með lófataki.

Arnar KA:

- Athugasemd gagnvart leiðinlegum samskipti þjálfara við dómara, sérstaklega í tengslum við yngri flokka starf. Oft eru óreyndir dómarar við störf og taka þarf tillit til þess. Lagt til að forsvarsmenn félaga ræði við sitt fólk um að sína virðingu til dómara.
- Hvetur fólk til að mæta á Öldungamót á Akureyri.

Guðrún Kristín Afturelding:

- Þakkaði Steini fyrir góð verk innan Blakdeildar Aftureldingar og BLÍ.
- Dómarastörf. Tók undir athugasemd frá Arnari varðandi samskiptum þjálfara við dómara.
- Dómaranefnd sendi bréf sem setti félögum skilyrði um hvernig þau eigi að haga undirbúningi og vinnu á leikjum. Þau skilyrði eru of þróng og hún er ósammála þeim, fannst þau lítilsvirðing við félögin.
- Vill bóka að dómarar úrvalsdeilda þurfa að sinna sinni vinnu betur. Kæra sem Afturelding sendi til BLÍ vegna mistaka dómara við leik að Varmá skilaði engu.
- Þjónusta leikgreina er að skila sér seint til félaga. Það þarf að bæta.
- Það er vontun á verklýsingum á störfum starfsmanna skrifstofu BLÍ. Nýr mótagstjóri hafði engar leiðbeiningar til að vinna eftir gagnvart uppstillingu á móttum. Sambærileg mistök voru gerð á uppstillingu leikjaplans fyrir núverandi leiktíð eins og þegar síðasti mótagstjóri hóf störf.
- Keppnisfyrirkomulag yngri deilda á að vera ákveðið fyrir fram og ekki háð ákvörðun þess félags sem er að halda mótt.
- Það vantar yfirsýn yfir ákvarðanir um undanþágur á blakhúsnaði og samræmingu á þeim kröfum sem gerðar eru til húsnæðisins. Húsnæði Hamars er lítið og þróngt, húsnæði Vestra er lágt til lofts.
- Ársþing hafa verið haldin úti á landi hér áður fyrr.
- Afrekssjóður – Dómaralaun á öldungamóti fari í rekstur á afreksstarfi hjá BLÍ. Bjóða leikmönnum landsliða að dæma á öldungamóttum.
- Vill minna að það félag sem heldur Öldungamót þarf að auglýsa þarf umsókn um öldungamót með tveggja ára fyrirvara.

Atli Freyr Þrótti Fjarðabyggð



- Er sammála um að það eru tækifæri varðandi dómgæsluna, hún getur verið betri en hann hefur þó ekki séð neina „skandala“ á núverandi leiktíð.
- Það eru lagðar línur meðal dómara í byrjun leiktíðar um hvernig dómgæslu skuli hattað. Það geta verið tækifæri í því að upplýsa félög um þær línur.

Arnar KA.

- Hjá KA er öldungamót orðið meira neðri deildar starf og tekjur t.d. notaðar til að greiða niður leigu valla hjá eldri deildum.
- Vantar leiðbeiningar um kröfur til keppnisvalla frá BLÍ til að félögin eigi auðveldara með að sækja leiðréttингar til sveitafélaga.
- Vantar líka umfjöllun og fréttir um neikvæð atvik í blakinu – skapar umræðu. Slíkar fréttir þurfa að koma frá félögum og frá BLÍ. Það vantar t.d. yfirsýn yfir stöðu á rauðum spjöldum.

Rakel – HK

- Þarf að gera meira fyrir krakkastarfið –
- Vantar samskipti milli BLÍ og klúbbana, t.d. þegar dagsetningar neðri deildar móts var breytt og öðrum leikjum.
- Mótahald úrvals- og fyrstu deilda: Raða leikjum milli liða sem ferðast milli landshluta á helgar, erfitt að taka tíma hjá mönnum í miðri viku.

Ólafur – Sindri

- Finnst sorglega lítið af íslenskum þjálfurum í barna og ungingastarfinu. Athugunarefni hjá BLÍ um það hverjir eru að þjálfa yngstu börnin, þeir þyrftu að vera íslenskumælandi. Óásættanlegt að hafa eingöngu erlenda þjálfar.

Kristín

- Í ljósi umræðu um samskipti þjálfara við dómara tók hún fram að það eru líka til prúðir útlendingar og dónalegir íslendingar.

Sigurður Hreinsson

- Dómarar þurfa að fá endurgjöf á sína vinnu á leikjum. Stór punktur til að bæta þeirra vinnu.
- Keppnisfyrirkomulag úrvalsdeilda er ekki að gera sig.
 - o Óregluleg uppstilling á leikjum – stundum langt á milli leikja og stundum mjög stutt.
 - o Fyrir Vestra þá kostar leikur á miðri viku 2 – 3 daga frá vinnu fyrir leikmenn.
 - o Mikill kostnaður og stuttur tími milli leikja.

Grétar

- Dómaramálefni.
 - o Þekkja leikmenn línurnar sem dómarar leggja fyrir leiktíðina? Það ætti að bæta dómurum inn á fundi formanna. Hingað til hefur formannafundur aðeins verið á haustin. Það þyrfti að fjölgja þeim fundum, hafa á miðju tímabili og jafnvæli í lok tímabils.
 - o Fræðslumál dómara þarf að skerpa og gera betur. Vantar fastari umgjörð og betri kynningu og fræðslu.
- Leikgreining – er ánægður að það sé kallað eftir að leikgreining sé samhliða leiknum.



- Þarf að auka kostnað við að fá „live“ greiningu
 - Næsta skref að BLÍ komi upp eigin íslenskum leikgreinum í stað þess að nota erlenda.
Nota núverandi fjármagn sem laun fyrir þá.
 - Þarf 6 – 7 leikgreina sem væru skipaðir með sama hætti og dómarar á leiki.
 - Verklagsleiðbeiningar eru aldrei meira nauðsynlegar en þegar skipt er um starfsmenn.
 - Þarf að fara í það verkefni að lista upp þau verkefni sem þarfust leiðbeininga og undirbúa þær.
 - Keppnisfyrirkomulag yngri flokka.
 - Stöðugleiki hefur verið líttill milli ára hvaða keppnisfyrirkomulag er notað.
 - Það þarf að vera skýrt hvernig fyrirkomulagið á að vera fyrir hvert ár.
 - Keppnisfyrirkomulag Íslands- og bikarmóts er ákveðið af BLÍ.
 - Stuðningur við starfsmenn (t.d. mólastjóra) hefur ekki verið nægjanlegur.
 - Undanþágur fyrir keppnisvelli.
 - Sérsamband getur erfiðlega sett kröfur um lágmarkshæð á völlum.
 - BLÍ getur gert skýrari kröfur um þær lágmarkskröfur sem setja ætti til keppnisvalla.
 - Öldungaþing og afrekssjóður.
 - Skiptir miklu máli fyrir unga afreksfólk ið geti sótt styrk í afrekssjóð.
 - Fyrirkomulag um afreksmál
 - Fréttaumfjöllun.
 - Getum gert miklu betur en þurfum að vera sammála um að taka ábyrgð á því. Þarf að treysta á félögin, að þau skili inn umfjöllun strax eftir leiki.
 - Umgjörð á leikjum
 - Félögin þurfa sjálf að taka ábyrgð á þeirri umgjörð sem er á hverjum leik.
 - BLÍ getur gert betur, t.d. að skaffa BLÍ fána.
 - Atvik á KA-Vestra leik
- Stjórnin hefur verið værukær gagnvart þeim atburðum sem áttu sér stað. Þarf að fylgja betur eftir bæði gagnvart
- Keppnisfyrirkomulag.
 - Flókið að raða leikjum þar sem sami þjálfari er að þjálfa fleiri en eitt lið.
 - Það þarf að taka umræðuna um fyrirkomulagið.
- Lög og reglugerðir
 - Leggur til að stofnuð verði nefnd til að lesa í gegnum lög BLÍ, uppfæra og kynna tillögur á næsta þingi.

15. Kosningar;

Framboð til stjórnar til tveggja ára:

Formaður: Grétar Eggertsson

Arnar Már Sigurðsson

Guðrún Kristín Einarsdóttir

Varastjórn:



Sigurður Hreinsson

Hjörðís Eiríksdóttir

Rósborg Halldórsdóttir

Skoðunarmenn reikninga:

Hjörtur Bjarki Halldórsson og Davíð Búi Halldórsson, samþykkt.

Áfrýjunardómstóll BLÍ:

Aðalmenn: Benedikt Baldur Tryggvason, Arnar Heimir Lárusson og Guðrún Ásta Lúðvíksdóttir samþykkt með lófataki.

Varamaður: Unnur Elva Hallsteinsdóttir samþykkt með lófataki.


Aga og úrskurðarnefnd BLÍ

Aðalmenn: Brynjar Július Pétursson, Hreggviður Norðahl og Þorvaldur Sigurðsson. Samþykkt.

Grétar sleit þingi og nefndi um leið tvö atriði:

- Minnti á stefnumótunarfund BLÍ þann 3. Júní 2023
- Yfirleitt er það þannig að þegar fólk gefur kost á sér í stjórn BLÍ þá hefur það lokið störfum hjá sínum félagsliði. Í dag eru kosin 2 í stjórn og 1 í varastjórn sem eru virk í stjórnum í sínum félögum. Jákvæð breyting.

Þingi slitið kl. 14:54


Einar Friðgeir Björnsson
Ritari


S. Grétar Eggertsson
Formaður